



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN
DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi, 4.11.2022
Tilvísun: 2022100031

Efni: Umsögn Útlendingastofnunar um tillögu til þingsályktunar um flutning Útlendingastofnunar til Reykjanesbæjar

Útlendingastofnun hefur farið yfir tillögu til þingsályktunar um flutning Útlendingastofnunar til Reykjanesbæjar og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Athugasemdir Útlendingastofnunar

Útlendingastofnun bendir á að flutningur stofnunarinnar til Reykjanesbæjar myndi auka umferðarþunga um Reykjanesbraut og stækka kolefnisspor starfseminnar. Líklegast verður að telja að starfsfólk keyri til og frá vinnu en einhverjir myndu hefja leit að öðru starfi á höfuðborgarsvæðinu. Ólíklegt má telja að fólk flyttist búferlum vegna starfs á Reykjanesi, til þess eru fjarlægðir of stuttar og flestir með maka sem sækja vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Samhliða stækkun kolefnisspors stofnunarinnar er ljóst að kolefnisspor viðskiptavina myndi stórukast, þar sem þeir þyrftu að fara lengri vegalengd til að sækja þjónustu, bæði þeir sem eru í leit að dvalarleyfi og þeir sem óska eftir alþjóðlegri vernd. Þá er ótalið það óhagræði og tímaeyðsla sem lagt yrði á herðar viðskiptavina, en samgöngumáttar milli höfuðborgarsvæðisins og Reykjanesbæjar eru ekki margir, þ.e. strætó sem er á klukkustundar fresti eða einkabíllinn.

Í umræddri tillögu til þingsályktunar er sérstaklega tekið fram að mikill fjöldi innflytjenda búi á Suðurnesjum sem nýti sér þjónustu stofnunarinnar. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands árið 2022 eru 63% erlendra ríkisborgara á Íslandi búsettir á höfuðborgarsvæðinu en 37% á landsbyggðinni. Af heildarfjöldanum eru 10% búsett í Reykjanesbæ. Af tölum frá Hagstofunni fyrir árið 2021 má sjá að mikill meiri hluti þeirra erlendu ríkisborgara sem búsettir eru í Reykjanesbæ eru frá öðrum Evrópuríkjum, en málefni EES og EFTA borgara heyra að meginsteftu til undir þjóðskrá. Erlendir þriðju ríkisborgarar sem sækja þjónustu til stofnunarinnar frá Reykjanesbæ er því að staðaldri litill hluti heildarviðskiptavina. Vert er að geta þess að umsóknir um íslenskan ríkisborgararétt má nú allar leggja fram á netinu.

Umsóknir um alþjóðlega vernd eru lagðar fram hjá lögreglu, skv. ákvæðum útlendingalaga, en heimild laganna um framlagningu umsóknar hjá stofnuninni hefur ekki verið beitt í áráðir. Ástæða þess er að rannsókn á auðkenni og ferðaleið liggur hjá lögreglu og hefur það verið talið óskilvirkt að bjóða upp á framlagningu umsóknar hjá Útlendingastofnun. Lögreglan á Suðurnesjum tekur á móti umsækjendum um alþjóðlega vernd á Keflavíkurflugvelli, leggi þeir fram umsókn sína strax við komu, annars er það að meginsteftu til lögreglan á höfuðborgarsvæðinu sem tekur við umsóknum. Flestir umsækjendur sækja um hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í móttökumiðstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd í Domus Medica.

Að lokum er bent á að þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd hefur verið færð frá Útlendingastofnun yfir til Vinnumálastofnunar. Stærsti hluti móttöku- og þjónustuúrreða Vinnumálastofnunar eru á höfuðborgarsvæðinu. Yrði sú starfsemi flutt til Reykjanesbæjar væri eðlilegt að skoða flutning Útlendingastofnunar og meta hvort viðtöl við umsækjendur um alþjóðlega vernd



UTL

ÚTLENDINGASTOFNUN

DIRECTORATE OF IMMIGRATION

teldist svo stór þáttur í starfsemi stofnunarinnar að það réttlætti flutning hennar með tilheyrandi óhagræði fyrir aðra viðskiptavini og aukið kolefnisspor stofnunarinnar.

f.h. Útlendingastofnunar

Vera Dögg Guðmundsdóttir